

Borðtennisdeild BH kynnr

OPNA HAFNARFJARÐARMEISTARAMÓT KVENNA

VELKOMIN Á NÆSTA STIG



Opna Hafnarfjarðarmeistararamót kvenna mun fara fram Laugardaginn 27. október 2018 í stóra salnum í Íþróttahúsinu við Strandgötu, Strandgötu 53, Hafnarfirði



DAGSKRÁ OG FYRIRKOMULAG

Keppni hefst kl. 11.00 en húsið opnar 10.00. Keppt verður í opnum flokki kvenna. Keppnisfyrirkomulag verður deildakeppni þar sem keppendum er skipt í þriggja manna deildir eftir styrkleikalista BTÍ. Eftir að allir hafa keppt við alla í sömu deild færast neðsti maður niður um deild og efsti maður upp um deild. Leiknar verða fjórar umferðir svo hver leikmaður fær átta leiki yfir daginn.

Sigurvegari mótsins er sú sem sigrar í efstu deild í síðustu umferðinni. Veitt verða verðlaun fyrir öll sætin í efstu deild og efstu sætin í öðrum deildum.

Markmiðið með mótinu er að halda vandað mót fyrir konur á öllum aldri þar sem þær fá marga leiki við aðra leikmenn á sama getustigi. Mótið er ætlað börnum, unglingum og fullorðnum.

Skráningar sendist til bordtennisbh@icloud.com

Þátttökugjöld: 1.500 krónur á mann keppanda og verður það notað í verðlaun og til greiðslu fyrir dómgæslu. Gjaldið greiðist á mótstað eða inn á bankareikning Borðtennisdeildar BH: Kt.: 620709-0180 og Reikningsnr. 0544-26-16207. Setjið í skýringu við greiðsluna fyrir hvaða leikmann greitt er. Sendið afrit á bordtennisbh@icloud.com.

Yfirdómari er Pétur Marteinn Urbancic Tómasson. Mótsstjórn skipa Jóhannes Bjarki Urbancic Tómasson, Tómas Ingi Shelton, Ingimar Ingimarsson og Haukur Hauksson.